

9. gr.

Fjármálaráðherra getur við sérstakar aðstæður veitt heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar varðandi framkvæmd við sölu eigna ríkisins.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 51. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, sbr. 2. málsg. 70. gr. og 85. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. mars 2003.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Björn Hafsteinsson.*

## AUGLÝSING

### **um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, Sultartangalína 3, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Samkvæmt 14. gr. a., sbr. 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Breytingin tekur til nýrrar línulegu sem er 50-60 metrum norðan við núverandi Sultartangalínu 1 með frávikum við Háafoss og Gullfoss auk þess sem línan fer suður fyrir núverandi línu vestan við Sandfell.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### **um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2002 eftirtaldir tillögur að deiliskipulagi:

- Deiliskipulag fyrir byggðarkjarna í Árnesi norðan Þjóðveggar númer 32 sem meðal annars felur í sér íbúðarsvæði, skólahúsnæði, tjaldsvæði, verslunar- og þjónustu-